



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

UMHVERFISVÆNN FORSETABÍLL

Embætti forseta Íslands tekur í dag við nýrri og umhverfisvænni bifreið sem leysir af hólmi bifreið sem embættið hefur notað undanfarin 13 ár. Hin nýja bifreið er af Lexus gerð og búin háþrúðu *Hybrid-kerfi* sem saman stendur af rafmótor og bensínvél. Forseti Íslands mun vera fyrsti þjóðhöfðinginn í Evrópu sem tekur í notkun umhverfisvæna bifreið þessarar tegundar.

Bifreiðin er þannig gerð að unnt er að aka henni á rafmótor einum allt að 60-70 km hraða á klst. Þá er bifreiðin hljóðlaus og algerlega laus við útblástur og mengar þar með ekki umhverfi sitt.

Þegar umhverfisvæn bifreið er nú tekin í notkun hjá embætti forseta Íslands er það í samræmi við þá stefnu sem mótuð hefur verið að leggja í vaxandi mæli áherslu á umhverfisvæn ökutæki sem lið í framlagi almennings og stjórnvalda í baráttunni gegn loftslagsbreytingum sem ógna efnahagslífi og lífsskilyrðum jarðarbúa ef ekki verður gripið til fjölbættra aðgerða.

Forstjóri Toyota í Evrópu, Tadashi Arashima, mun afhenda forseta bifreiðina á Bessastöðum við sérstaka athöfn í dag föstudaginn 6. júlí kl. 16:30.

Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir athöfnina.

6. júlí 2007

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028)